



Fundargerð

41. þings

Sambands íslenskra bankamanna

Sem haldið var í Hótel Borgarnesi
dagana 9. – 11. maí 2001

Efnisyfirlit

MÍÐVIKUDAGUR 09. MAÍ 2001.....	3
1. SÁ Á FUND SEM FINNUR	3
2. KOSNING EMBÆTTISMANNA ÞINGSINS	3
3. ÞINGSETNING.....	3
4. ÁVÖRP GESTA.....	7
5. KJÖRBRÉF LÖGÐ FRAM TIL SAMÞYKKTAR	8
6. KOSNING FASTANEFNDA ÞINGSINS.....	11
7. REIKNINGAR SÍB	12
8. UMRÆÐUR UM SKÝRSLU STJÓRNAR OG REIKNINGA.....	12
FIMMTUDAGUR 10. MAÍ 2001	13
9. DRÖG AÐ TILLÖGUM NEFNDA KYNNTAR.....	13
10. NEFNDASTÖRF	14
11. KYNNING Á STÖÐU MÁLA Í NEFNDEM.....	14
12. “HVAÐ ER TIL SKIPTANNA?”	16
FÖSTUDAGUR 11. MAÍ 2001.....	17
13. UMRÆÐUR OG AFGREIÐSLA NEFNDA RÁLITA.....	17
14. KJÖR STJÓRNAR, TVEGGJA ENDURSKOÐENDA OG TVEGGJA TIL VARA, AUK ANNARRA TRÚNAÐARMANNA	26
15. ÖNNUR MÁL	27

MIDVIKUDAGUR 09. MAÍ 2001

1. SÁ Á FUND SEM FINNUR

Sigurður Albert Ármannsson fræðslufulltrúi SÍB fór yfir nokkur gagnleg atriði fyrir þingfulltrúa varðandi tillögugerð og gerð ályktana.

2. KOSNING EMBÆTTISMANNA ÞINGSINS

Hinrik Greipsson SÍ var kjörin þingforseti og til vara Sigurjón Gunnarsson FSLÍ. Þingritarar voru kjörnar: Helga B. Bragadóttir SÍ, Snærún Bragadóttir SBÍ. Vararitarar: Gréta Kjartansdóttir SFSPRON, Helga Jónsdóttir FSLÍ.

3. ÞINGSETNING

Friðbert Traustason formaður SÍB setti þingið kl.15.00 og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna. Hann lýsti þeirri skoðun sinni “að tímabært sé að stofna ein regnhlífasmötök fyrir öll stéttarfélög í landinu og nýta þannig enn betur það mikla afl, þekkingu og fjármuni sem hreyfingin býr yfir”. Hann brýndi fyrir þingheimi nauðsyn þess að marka skýra framtíðarstefnu varðandi kjaramál og menntunarmál og áréttaði að reynsla annarra Norðurlandþjóða væri á þá leið að hækkað menntunarstig í starfsgreinum leiði til bættra kjara. Friðbert Traustason flutti skýrslu stjórnar SÍB frá 1998-2001.

Skýrsla stjórnar SÍB 2001-05-08

Ágætu félagsmenn í Sambandi íslenskra bankamanna.

Ársskýrslan fyrir tímabil núverandi stjórnar var send þingfulltrúum tíu dögum fyrir þingbyrjun, ásamt reikningum félagsins. Ég veit að þið hafið öll lesið skýrsluna vandlega og ætla því ekki að nota tíma minn hér til þess að lesa innihald hennar. Stjórnin mun, að sjálfsögðu, svara öllum fyrirspurnum um starfsemi SÍB undanfarin þrjú ár hér á eftir. Síðastliðin þrjú ár fá örugglega umsögnina “umbrotatímar” í heimi fjármálanna. Nýja hagkerfið, sem sumir segja að sé ekkert nýtt heldur einungis eðlileg þróun, hélt innreið sína í íslenskt samfélag með kostum og göllum. Sífellt meiri viðskipti með alls konar verðbréf kallaði á nýja hugsun, nýtt skipulag og mikla fjölgun háskólamenntaðra starfsmanna hjá fjármálafyrirtækjum. Á sama tíma var frekar dregið úr þjónustu hefðbundinna bankaútibúa og þar var starfsmönnum fækkað.

Samkeppnin um langskólagengna starfsmenn hækkaði laun þeirra töluvert og launamunur er nú meiri en hann var í upphafi árs 1998. Til lengri tíma litið mun þessi þróun reynast jákvæð fyrir alla starfsmenn fjármálafyrirtækja, því hækkan launa mun, samkvæmt reynslu okkar, skila sér í almennri hækkan meðallauna.

Bylgja sameininga fjármálafyrirtækja reið yfir heimsbyggðina alla, með þeim afleiðingum að störfum fækkaði umtalsvert. Stefnan virðist almennt vera sú að til verða ofurstórir bankar, sem reka starfsemi í mörgum löndum og veita fyrst og fremst stórfyrirtækjum alla fjármálaþjónustu. Við hlið þessara ofurbanka starfa síðan fjölmargir litlir bankar, sem einbeita sér að því að þjónusta einstaklinga og minni fyrirtæki. Þessi minni fjármálafyrirtæki líta á sitt nánasta umhverfi sem sinn markað, og eru stolt af því að veita þar góða og persónulega þjónustu. Til dæmis get ég nefnt Danmörku, en þar eru í dag þrjú mjög stór fjármálafyrirtæki með 10 til 20 þúsund starfsmenn hvert. Við hlið

þeirra eru síðan á milli 40 og 50 smærri fjármálafyrirtæki, sem eingöngu starfa á landsvísu. Sum litlu fyrirtækin þar eru álíka stór, bæði hvað varðar efnahagsreikning og starfsmannafjölda, og stóru bankarnir hér á landi.

Íslandsbanki og FBA voru sameinaðir á síðastliðnu ári og nokkrir sparisjóðir á Norðurlandi og nú síðast á Vestfjörðum voru sameinaðir. Þessar sameiningar hafa ekki leitt til margra uppsagna, en þó virðist því miður vera hægt að rekja nokkrar uppsagnir hjá Íslandsbanka-FBA, á síðustu mánuðum, til sameiningarinnar.

Ekkert varð af fyrirhugaðri sameiningu Landsbanka og Búnaðarbanka, eins og stjórnvöld höfðu áformað. Allur undirbúningur þeirrar sameiningar tók samt mikinn tíma og vinnukraft hjá kjörnum fulltrúum starfsmanna. Þeirra hlutskipti var erfitt og ekki öfundsvert og mjög reyndi á þrautsegju þeirra varðandi samninga um réttindi allra starfsmanna bankanna tveggja. Að sjálfsögðu reyndi öll umræðan, bæði hin faglega og pólitíska, á alla starfsmenn bankanna þar sem farið var með fjöregg þeirra og framtíð sem leiksopp í pólitískum leik. Mér fannst oft sem virðing stjórnvalda, sem fulltrúa stærsta eiganda bankanna, fyrir störfum og framtíð starfsmanna væri lítil sem engin. Að sjálfsögðu voru mjög skiptar skoðanir um ágæti þessarar sameiningar og ætla ég ekki að ræða þær nánar, en bendi þó að fjöldi starfa var í húfi, sumir segja 300 störf.

Í ársskýrslu stjórnar er sagt frá kjarasamningum SÍB frá árinu 1997 og til ársins í ár. Umsamdar hækkunir á launatöxtum frá 1. janúar 1998 til og með 1. janúar 2001 eru samtals 19,3% Þar að auki hafa félagsmenn í lægri launaflokkum fengið sérstaka hækkun, sem meðal annars þýðir að stoppflokkur bankaritara og gjaldkera sem var launaflokkur 113 árið 1997 er nú 123 og verður að öllum líkindum 131 í upphafi næsta árs. Ýmis önnur atriði voru í samningum þessara ára, meðal annars 80 þúsund króna eingreiðsla, aukin réttindi í tengslum við fæðingarorlof og aukið framlag í lífeyrissjóð. Launaskrið er nokkuð almennt á þessum þremur árum sem sjá má á því að:

	1. janúar 1998	1. janúar 2001
Launafl. lægri en 121	160	65
Launafl. 121 - 123	1.040	770
Launafl. 131 - 153	1.130	1.460
Launafl. 161 - 173	470	670
Launafl. 171 - 192	84	342
Samtals	2.884	3.305

Flest fyrirtæki þrýsta nú mjög á að laun séu alfarið ákveðin hjá hverju fyrirtæki fyrir sig, jafnvel í samningum við hvern og einn starfsmann, í stað hefðbundinna miðstýrðra samninga. Ekki eru allir á eitt sáttir um þessa aðferðafræði því reynslan erlendis sýnir að með slíkum einstaklings-bundnum samningum eykst launamunur milli einstaklinga og stétta enn meira en áður, og þótti ýmsum nóg komið. Þingið nú verður að marka mjög ákveðna stefnu um samninga til framtíðar.

Búið er að gera miðstýrða kjarasamninga til næstu þriggja ára fyrir alla félagsmenn SÍB. Þess vegna er nú lag til að undirbúa breytingar á samningsumhverfi okkar ef vilji er fyrir því. Ef til dæmis taka á upp meira einstaklingsbundið kerfi þarf að þjálfa alla til verks; yfirmenn, félagslega kjörna fulltrúa okkar og ekki síst hvern og einn félagsmann. Það er brjálæði að henda fólki allt í einu út í djúpu laugina og segja því að semja sjálft.

Undirbúningurinn verður að vera góður og markviss og til þess þarf tíma. Hlutverk stéttarfélagsins verður þá að semja um félagslega þætti kjarasamningsins og útgjaldaramma, og veita síðan aðstoð og ráðgjöf fyrir félagsmenn þegar að

einstaklingsbundnum launasamningi kemur.

Mjög nauðsynlegt er að tölfræðiupplýsingar verði vel unnar þar sem þær verða veigamesta hjálpargagn stéttarfélagans og hvers og eins félagsmanns þegar að launasamningum kemur.

Í umræðunni undanfarna daga hafa verkalýðsforingjar lýst yfir þeirri skoðun sinni að nauðsynlegt sé að stofna og starfrækja Hagfræðistofu verkalýðsins. Ég er þeim hjartanlega sammála og tel að allt slíkt samstarf stéttarfélaganna efli þau öll í baráttunni fyrir bættum kjörum fyrir félagsmenn. Ímyndið ykkur hvað slík sameiginleg rannsóknarstofa hefði nýst okkur vel í þeirri baráttu sem nú ríkir um ástæður verðlagshækkana hér á landi. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að tímabært sé að stofna ein regnhlífarsamtök fyrir öll stéttarfélög í landinu og nýta þannig enn betur það mikla afl, þekkingu og fjármuni sem hreyfingin býr yfir.

Félagsmenn SÍB hafa í dag bestu lífeyrissamninga sem þekkjast á almennum vinnumarkaði. Í árslok náðist loksins samkomulag sem tryggir starfsmönnum sparissjóðanna sömu lífeyrisréttindi og samið var um við aðra banka.

Allir nýjir starfsmenn fjármálafyrirtækja, sem taka kjör samkvæmt kjarasamningi SÍB og margir eldri starfsmenn, sem völdu að vera í tvískiptu lífeyriskerfi, greiða nú 4% af heildarlaunum sínum í samtryggingasjóð og fyrirtækið greiðir 6% í þann sjóð á móti. Þessu til viðbótar greiðir fyrirtækið 7% af launum í séreignarsjóð þegar starfsmaður hefur náð 3 ára starfsaldri. Ef starfsmaður vill sjálfur síðan greiða 1% í séreignarsjóð þá greiðir fyrirtækið 1% á móti í viðbót við það sem áður er upptalið. Samtals greiðir starfsmaður þá 5% og fyrirtækið 14% af launum í lífeyrissjóð, eða samtals 19%. Með þessu tryggir 65 ára gamall starfsmaður með 35 ára starfsaldur sér um það bil 100% eftirlaun í að minnsta kosti 15 ár.

Þeir starfsmenn sem greiða inn í gamla hlutfallskerfið leggja eins og hinir fram 4% í sjóðinn en fyrirtækið 14,4% á móti. Ef þessir starfsmenn velja að leggja 1% í séreignarsjóð þá leggur fyrirtækið 1% á móti. Samtals greiðir starfsmaðurinn þá 5% og fyrirtæki 15,4% af launum í lífeyrissjóð, eða samtals 20,4%. Með þessu kerfið tryggir 65 ára gamall starfsmaður með 35 til 40 ára starfsaldur sér 80 - 100% eftirlaun ævilangt. Rétt er að taka fram að kerfin eru nokkuð mismunandi og einstaklingsbundið hvort hentar betur.

Á þingi SÍB, sem haldið var hér í Borgarnesi í mars 1998, var stjórn SÍB sett fyrir ýmis verkefni ásamt því að stefnumörkun sambandsins var ákveðin og sett á prent í fyrsta skipti. Stefnumörkunin hefur reynst hið nýtilegasta plagg og er okkur stjórnarmönnum stöðug áminning um að vanda okkur og gera vel. Á þessu þingi verður samin ný stefnumörkun fyrir næstu þrjú ár og nauðsynlegt er að huga þar vel að öllum nýjungum. En hvaða verkefni ákvað síðasta þing meðal annars að unnið skyldi að?

Fræðslumál:

SÍB blaðið kemur út eigi sjaldnar en 6 sinnum á ári

Koma heimasíðu SÍB í gagnið

Námskeið fyrir trúnaðarmenn með sama sniði og undanfarin ár

Efla BMS/FMA

Fjarnám í gegnum Netið

Tveggja anna sérsniðið nám

Staðan nú:

Samþykktum a), b) og c) er í dag sinnt af stjórn, fræðslunefnd og starfs-mönnum SÍB. SÍB blaði hefur komið út 16 sinnum á tæpum tveimur árum, heimasíðan er að slíta barnsskónum og næstu trúnaðarmannanámsskeið verða í mars nk.

Bankarnir lögðu fram eindregna kröfu um niðurlagningu BMS/FMB í síðustu samningum. Krafan er ekkert ný, því þetta hefur verið ósk þeirra flestra síðastliðin ár. Stjórnendur bankanna telja fræðslu bankamanna betur komna í höndum fræðsludeilda hvers banka fyrir sig, en sameiginlega á vegum BMS.

Í kjarasamningum var samningur um að leggja niður BMS í árslok 2000.

Af þessum sökum falla samþykktir þingsins um BMS og (banka)faglega fræðslu félagsmanna um sjálfar sig. Undirstaða að slíkri fræðslu er samningur við bankana, bæði um greiðslu á kostnað og um rétt starfsmanna til að sækja sér fræðslu. Bankarnir hafa enn sem komið er ekki áhuga á slíkum samningi.

Kjaramál:

Hluti kjara ráðist í vinnustaðasamningum, td. ákv. prósentu kostnaðarauka

Taka út efri mörk launaflokka

Viðræður um breyttan opnunartíma

Markviss fræðsla um öryggismál

Staðan nú:

Þessi atriði bíða flest eftir næstu kjarasamningaviðræðum, sérstaklega liðir a) og b). Hvað c) – lið varðar þá hefur samninganefnd SÍB ítrekað boðið bönkunum (sbr. afrit af bréfum, sem dreift var til formanna aðildarfélaganna á fundi 1999) til viðræðna um opnunartíma útibúa, en alltaf fengið synjun af þeirra hálfu. Bankarnir bera því helst við að Samkeppnisstofnun banni allt samráð um opnunartíma (þjónustutíma) banka.

Stefnumörkun:

Sérstök greinargerð með fundargögnum.

Fæðingarorlof:

Sérstakt 30 daga fæðingarorlof fyrir feður

Jafna fæðingarorlofsrétt konu og karls

Tryggja 100% laun í 6 mánaða fæðingarorlofi

Staðan nú:

liður hefur ekki, frekar en fyrri daginn, fengist samþykktur. En þar eru blikur á lofti í tengslum við 14 daga rétt karla sem vinna hjá því opinbera.

og c) liður fengu ágæta millilendingu í síðustu kjarasamningum (ca. 90%)

Starfslokasamningar:

Setja rammareglur um lágmarkskjör.

Staðan nú:

Engir samningar hafa verið gerðir um lágmarkskjör, en skrifstofa SÍB hefur reynt að aðstoða starfsmenn eftir mætti og jafnvel boðið fram lögfræðiaðstoð ef á hefur þurft að halda. Þessi mál eru hins vegar enn sem komið er mjög persónubundin og mismunandi milli banka. Breytingar í fjármálaheiminum halda áfram, þar er engin stöðnun. Starfsmenn verða að vera á tánum, fylgjast með og vera reiðubúnir fyrir breytingar. Breytingar á

störfum okkar verða hvort sem við erum jákvæð eða neikvæð. Besta leiðin til að takast á við þær er að vera jákvæður og líta á breytingar sem tækifæri.

Í stefnumörkun síðasta þings segir meðal annars:

SÍB ber að beita sér fyrir eftirfarandi:

Að möguleikar til endurmenntunar og framhaldsmenntunar verði auknir þannig að allir starfsmenn í fjármálaþjónustu eigi þess kost að viðhalda þekkingu sinni og bæta við hana. Að félagsmönnum sé gerð grein fyrir því að aukin hæfni og þekking í starfi er einnig á þeirra ábyrgð.

Að fyrirtæki á fjármálamarkaði leggi stöðugt og markvisst sitt af mörkum til að auka hæfni starfsmanna í víðasta skilningi.

Að leitast sé við að efla persónulega og félagslega færni, ekki síður en viðtæka fagkunnáttu.

Aukin menntun starfsmanna fjármálafyrirtækja er lykillinn að bjartari framtíð, bæði fyrirtækjanna og starfsmanna. Á Norðurlöndunum er krafist ákveðinnar lágmarksmenntunar til þess að fá starf hjá fjármálafyrirtæki. Algengasta krafan er stúdentspróf plús tveggja ára viðbótarnám í viðurkenndum viðskiptaskólum. Þetta hefur átt við í öllum nýráðningum síðastliðin 5 til 10 ár. Ástæðan er tvíþætt; það er að hækka menntunarstig og hæfni starfsmanna, en fyrir starfsmennina er mikilvægast að almennur launastrúktur hefur hækkað vegna þessara auknu krafna.

Hér á landi þarf 3 til 4 ára menntun til að gerast rakari og þriggja ára háskólanám að loknu stúdentsprófi til að gerast leikskólakennari. Engar slíkar kröfur eru gerðar til þeirra sem sækjast eftir starfi í banka. Er þessi þróun eðlileg eða eigum við sjálf að reyna, í samvinnu við fyrirtækin, að breyta þessu?

Þeir starfsmenn sem í dag vinna hjá fjármálafyrirtækjum hafa að sjálfsögðu áunnið sér þá þekkingu og reynslu, sem störfin krefjast. Ég er eingöngu að tala um auknar menntunarkröfur til þeirra sem ráðnir verða hér eftir. Til að auka samkeppnishæfni starfsmanna og hækka launastrúktur verðum við að vinna að því að bæta menntun starfsmanna og viðhalda henni með símenntun. Starfsmenn fjármálafyrirtækja þurfa almenna viðskipta-menntun, en ekki sérhæfða bankamenntun eins og áður var.

Menntunarsjóður SÍB, sem stofnaður verður formlega á þessu þingi, spilar ákveðið hlutverk í þessari þróun og mun vonandi auðvelda mörgum að bæta við menntun sína. En lykilatriðið er öflug samvinna starfsmanna, fyrirtækjanna og stéttarfélagsins. Ég er sannfærður um að 41. þing SÍB verður öflugt þing og okkur öllum til sóma.

Opinská umræða og skoðanaskipti eru nauðsynleg til að ná árangri.

Ég þakka öllum þeim fjölmörgu félagsmönnum, sem lagt hafa stjórn SÍB lið í stéttarbaráttunni og unnið að uppbyggingu Sambands íslenskra bankamanna sem áhrifaríks baráttutækis undanfarin ár.

Ég óska öllum öllum ánægjulegra daga bæði fræðandi og árangursríkra

4. ÁVÖRP GESTA

Halldór Björnsson, varaforseti ASÍ flutti kveðjur frá stjórn ASÍ. Hann sagði meðal annars að ASÍ hefði haft dönsku leiðina að leiðarljósi í sínum kjarasamningum en hún gengur út á það að skapa kaupmáttinn smátt og smátt og forðast kollsteypur sem hér var ársvisst. Á árunum 1998-99 voruðu ASÍ, Þjóðhagsstofnun og Seðlabankinn við ofþenslu, en ekki var hlustað á það af ráðamönnum. Aftur var farið í ábyrga kjarasamninga, en nú eru þeir í hættu vegna verðbólgu og lækkunar krónunnar. Halldór óttast að það leiði til

óðaverðbólgu eins og var áður. Samtök atvinnulífsins og ASÍ héldu fund þar sem rætt var um hvernig á að tryggja kaupmáttinn og að kjarasamningar haldi. Þegar krónan styrktist í fyrra þá kom það ekki fram í lækkun vöruverðs til almennings, því er það von ASÍ að lækkun gengis nú fari ekki beint inn í verðlagið og ógni kjarasamningum í landinu.

Hinrik Greipsson las upp símskeyti sem barst með árnaðaróskum frá BSRB.

Kaffihlé

5. KJÖRBRÉF LÖGÐ FRAM TIL SAMÞYKKTAR

Anna Kjartansdóttir FSLÍ formaður Kjörbréfanefndar lagði fram kjörbréfin til samþykktar eftir nafnakall þingfulltrúa. Kjörbréfin voru samþykkt án athugasemda. Þingið sátu alls 62 þingfulltrúar.

FRÁ STARFSMANNAFÉLAGI LANDSBANKA ÍSLANDS HF.

Anna Kjartansdóttir
Anna María Hjartardóttir
Elín H, Njálisdóttir
Erla Þorsteinsdóttir
Eva Sigurðardóttir
Guðmunda Guðmundsdóttir
Guðmunda Ingjaldsdóttir
Halldór Ben. Halldórsson
Halldóra Ósk Sveinsdóttir
Helga Eymundsdóttir
Helga Jónsdóttir
Jóhann Ólafsson
Jón Baldursson
Kolbrún Guðlaugsdóttir
Ólöf Björnsdóttir
Sigríður Friðgeirsdóttir
Sigurjón Gunnarsson

FRÁ STARFSMANNAFÉLÖGUM SPARISJÓÐANNA

Erna Ómarsdóttir	Sparisjóði Hafnarfjarðar
Heiðrún Hauksdóttir	Sparisjóði Hafnarfjarðar
Ragna Valdimarsdóttir	Sparisjóði Hafnarfjarðar
Stefán Sveinbjörnsson	Sparisjóði Mýrasýslu
Guðný S. Magnúsdóttir	Sparisjóðnum í Keflavík
Jóhanna Guðbjartsdóttir	Sparisjóðnum í Keflavík
Lilja Magnúsdóttir	Eyrarsparisjóði
Ásta Hólm Birgisdóttir	Sparisjóði Kópavogs
Sigrún Kristbjörnsdóttir	Sparisjóði Norðurlands
Ágústa Hjartar	Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis
Regína Vilhjálmsdóttir	Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis
Smári Hrólfsson.	Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis

Harpa Gísladóttir
Dagmar Bjartmarz
Jónína Kristjánsdóttir
Páll Ólafsson

Sparisjóði Vestmannaeyja
Sparisjóði Vélstjóra
Sparisj. Svarfdæla og Sparisj. Ólafsfj.
Tölvumiðstöð Sparisjóðanna

FRÁ STARFSMANNAFÉLAGI ÍSLANDBANKA HF.

Dóra Jónasdóttir
Elín Sighvatsdóttir
Ernir Ingason
Hinrik Greipsson
Helga B. Bragadóttir
Indriði Jónsson
Jóna Matthíasdóttir
Sigurður B. Stefánsson
Svandís Ósk Óskarsdóttir
Una Marsibil Lárusdóttir
Valgerður Jakobsdóttir
Þorvaldur Egilsson
Þórður V. Oddsson

FRÁ STARFSMANNAFÉLAGI BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS HF.

Anna Rósa Jóhannsdóttir
Birna Snærún Bragadóttir
Einar G. Pálsson
Hafdís Erna Harðardóttir
Heiðrún Bjarkadóttir
Ingveldur Bragadóttir
Jón Ágúst Sigurðsson
Monika Skarphéðinsdóttir
Rafn Sveinsson
Þorgerður Einarsdóttir
Þórður Rafn Stefánsson
Þuríður Lárusdóttir

FRÁ STARFSMANNAFÉLAGI SEDLABANKA ÍSLANDS

Elísabet Þorvaldsdóttir
Fjóla Agnarsdóttir

FRÁ STARFSMANNAFÉLAGI RB

Fanney Long Einarsdóttir
Finnbjörn Gíslason

FRÁ STARFSMANNAFÉLAGI BYGGÐASTOFNUNAR

Jensína Magnúsdóttir

FRÁ STARFSMANNAFÉLAGI LÁNASÝSLU RÍKISINS

Brynjar Kristjánsson

FRÁ STARFSMANNAFÉLAGI ÞJÓÐHAGSSTOFNUNAR

Katrín Ólafsdóttir

FRÁ STARFSMANNAFÉLAGI VISA ÍSLANDS

Enginn fulltúi

STJÓRN SAMBANDS ÍSLENSKRA BANKAMANNA

Formaður	Friðbert Traustason	SRB
1. varaform.	Helga Jónsdóttir	FSLÍ
2. Varaformaður	Helga B. Bragadóttir	SÍ
Gjaldkeri	Margrét Bragadóttir	SBÍ
Ritari	Anna Kjartansdóttir	FSLÍ
Meðstjórnendur	Sigríður Einarsdóttir	SfSpron
	Sturla Pálsson	SFS
Varastjórn	Þorvaldur Egilsson	S.Í
	Hafdís Harðar	SBÍ
	Gréta Kjartansdóttir	SfSpron
	Jóhann Möller	FSLÍ

STARFSMENN ÞINGSINS

Hinrik Greipsson, þingforseti
Sigurjón Gunnarsson, vara þingforseti
Helga B. Bragadóttir, þingritari
Snærún Bragadóttir, þingritari
Gréta Kjartansdóttir, vara þingritari
Helga Jónsdóttir, vara þingritari
Anna Finnbogadóttir, fjármálafulltrúi SÍB
Sigurður Albert Ármannsson, fræðslu- og kynningarfulltrúi SÍB

ÁHEYRNARFULLTRÚAR OG GESTIR

Anna G. Ívarsdóttir fyrrverandi formaður SÍB
Sveinn Sveinsson fyrrverandi formaður SÍB
Tryggvi Hjörvar fulltrúi lífeyrissfólks
Nína Björg Vilhelmsdóttir skrifstofu SBÍ

ERLENDIR GESTIR

John Madsen	Danmörk
Karen Madsen	Danmörk
Eeva Lathi	Finnland
Eira Ketola	Finnland
Raja Keski-Matthinen	Finnland
Anne Karin Hjortland	NFU
Ingolf Lundin	NFU
Björg Buvik	Noregur
Jorunn Berland	Noregur
Hendrik Forssén	Svíþjóð

6. KOSNING FASTANEFNDA ÞINGSINS

Hinrik Greipsson las upp tillögur í nefndir. Ekki var kosin laganefnd þar sem engar tillögur höfðu borist um lagabreytingar. Ráðstöfun tillagna í nefndir samþykkt samhljóða.

41. þing SÍB – Nefndir og staðsetning

Uppstillinganefnd – “rjóður” 2. hæð

Anna Kjartansdóttir, FSLÍ
Fjóla Agnarsdóttir, SSÍ
Jón Ágúst Sigurðsson, SBÍ
Sigríður Einarsdóttir, SSPRON
Sigurður B. Stefánsson, SÍ

Fjárhagsnefnd – ytri borðsalur

Guðmunda Ingjaldsdóttir, FSLÍ
Halldóra Ósk Sveinsdóttir, FSLÍ
Margrét Bragadóttir, SÍB
Una Marsibil Lárusdóttir, SÍ

Allsherjarnefnd – Listasalur kjallara

Dóra Jónasdóttir, SÍ
Brynjar Kristjánsson, SLR
Einar Pálsson, SBÍ
Elín Njálisdóttir, FSLÍ
Erla Þorsteinsdóttir, FSLÍ
Eva Sigurðardóttir, FSLÍ
Fanney Long, SRB
Harpa Gísladóttir, SPV
Ingveldur Bragadóttir, SBÍ
Jónína Kristjánsdóttir, 1177
Páll Ólafsson, STM
Rafn Sveinsson, SBÍ
Smári Hrólffsson, SSPRON
Stefán Sveinbjörnsson, 1103
Þorgerður Einarsdóttir, SBÍ
Þorvaldur Egilsson, SÍ
Þórður Oddsson, SÍ

Kjaranefnd – Rjóður 3. hæð

Anna María Hjartardóttir, FSLÍ
Anna Rósa Jóhannsdóttir, SBÍ
Ágústa Hjartar, SSPRON
Elín Sighvatsdóttir, SÍ
Ernir Ingason, SÍ
Guðmunda Guðmundsdóttir, FSLÍ
Hafdís Harðardóttir, SBÍ
Halldór Ben. Halldórsson, FSLÍ
Heiðrún Bjarkadóttir, SBÍ
Heiðrún Hauksdóttir, SSPH

Helga Eymundsdóttir, FSLÍ
Indriði Jónsson, SÍ
Jóhann Ólafsson, FSLÍ
Jón Ágúst Sigurðsson, SBÍ
Sigrún Kristbjörnsdóttir, 1145
Sturla Pálsson, SÍ
Þórður Rafn Stefánsson, SBÍ

Fræðslunefnd - Þingsalur

Ásta Hólm, SSPK
Dagmar Bjartmarz, SSPV
Erna Ómarsdóttir, SSPH
Finnbjörn Gíslason, SRB
Jóhanna Guðbjartsdóttir, SSPK
Jóna Matthíasdóttir, SÍ
Kolbrún Guðlaugsdóttir, FSLÍ
Lilja Magnúsdóttir, SEPT
Monika Skarphéðinsdóttir, SBÍ
Ólöf Björnsdóttir, FSLÍ
Ragna Vilhjálmsdóttir, SSPH
Regína Vilhjálmsdóttir, SSPRON
Sigríður Friðgeirsdóttir, FSLÍ
Sigurjón Gunnarsson, FSLÍ
Snærún Bragadóttir, SBÍ
Svandís Ósk Óskarsdóttir, SÍ
Valgerður Jakobsdóttir, SÍ
Þuríður Lárusdóttir, SBÍ

7. REIKNINGAR SÍB

Margrét Bragadóttir SBÍ las upp endurskoðaða reikninga SÍB fyrir síðastliðin þrjú ár 1998-2000. Reikningar liggja fyrir í þingskjöllum.

8. UMRÆÐUR UM SKÝRSLU STJÓRNAR OG REIKNINGA

Orðið var gefið laust um fyrirspurnir vegna skýrslu stjórnar og reikninga félagsins. Jóna Matthíasdóttir SÍ spurði um styrktarsjóðinn og af hverju laun á skrifstofu eru að hluta greidd úr styrktarsjóði. Margrét Bragadóttir var fyrir svörum. Um 50% af launum Önnu Finnbogadóttur eru greidd af styrktarsjóði þar sem umfang hans er orðinn stór hluti af hennar starfi og í raun orðið meira en 50%. Sigurður B. Stefánsson SÍ spurði um ársreikning SÍB 2000, hvað lægi á bak við nefndarlaun. Margrét svaraði: . Fulltrúar bankanna í BMS eru launaðir af bönkunum og því var ákveðið að greiða nefndarlaun til fulltrúa SÍB í Bankamannaskólanum og einnig fá skoðunarmenn Sambandsins laun. Einar Pálsson SBÍ spurði af hverju styrktarsjóður ætti hlutdeild í húsnæði. Margrét svaraði: Styrktarsjóður á 25% hlutdeild í húsnæði SÍB og var sú ákvörðun borin undir lögfræðing SÍB en ekki er heimild fyrir því í lögum Styrktarsjóðs. Breytingatillaga verður lögð fram á lögum Styrktarsjóðs á þinginu. Halldór Halldórsson FSLÍ kom í pontu og þakkaði stjórn og formanni fyrir frábæra skýrslu. Fannst áhugavert að í Danmörku þurfi stúdentspróf til að vinna í bönkum og tveggja ára nám innan bankans.

Við höfum ekki unnið að því að vera viðurkennd sem stétt, hann vill að við höfum það í huga þegar farið er að vinna í nefndum á eftir. Þingforseti bað um heimild til að bera upp skýrslu stjórnar og reikninga félagsins í einni atkvæðagreiðslu. Það var samþykkt. Reikningar og skýrsla stjórnar var samþykkt samhljóða.

Kl. 17:35, þingfundi frestað til morguns. Fundir þingfulltrúa aðildarfélaganna haldnir eftir kvöldverð.

FIMMTUDAGUR 10. MAÍ 2001

9. DRÖG AÐ TILLÖGUM NEFNDA KYNNTAR

Tillögur nefnda teknar til umræðu og vísað til nefnda.

Allsherjarnefnd

Porvaldur Egilsson SÍ, talsmaður Allsherjarnefndar fylgdi tillögum hennar úr hlaði.

Kjaranefnd

Jóhann Ólafsson LÍ, talsmaður Kjaranefndar las upp tillögur nefndarinnar. Hann minntist á þá sérstöku stöðu sem næsta stjórn SÍB er í, en hún er sú að engir kjarasamningar verða gerðir á næsta kjörtímabili. Kjaranefnd hefur ekki verið sammála um opnunartímamálið en er þó sammála um að samningsumboðið um kaup og kjör eiga að vera hjá SÍB.

Varðandi launatöfluna er skoðun nefndarinnar sú að það ætti að númera töfluna upp á nýtt, fela kjarabætur í kerfisbreytingum á launatöflunni. Fleira var rætt í Kjaranefnd svo sem öryggismál, einelti á vinnustað, starfsöryggi og starfslokasamningar.

Friðbert Traustason beindi því til Kjaranefndar að huga að því hvernig næsta stjórn eigi að standa að því að koma hluta af kjarasamningnum inn í fyrirtækin. Stjórn SÍB veitir ekki af þeim þrem árum sem þarf til að þjálfa stjórnendur og kjörna fulltrúa, þá er átt við trúnaðarmenn og stjórnir starfsmannafélaganna til að taka á þessu.

Sigurður Albert las upp tillögu sem honum var falin af trúnaðarmannafundi sem haldin var í rútu undir Hafnarfjalli, tillögunni er beint til Kjaranefndar: **“Trúnaðarmenn sem eru í hlutastarfi og sækja fræðslu utan síns vinnutíma fái greitt fyrir þann tíma sem fellur utan þeirra vinnutíma”**. Höfundur tillögunnar er Nína Vilhelmsdóttir starfsmaður á skrifstofu SBÍ sem ekki er stödd á þinginu.

Páll Ólafsson TS sagði að það þyrfti að gera ráð fyrir launum háskólamenntaðra starfsmanna inni í launatöflu sem nú eru utan töflu. Hann lagði til að gerð yrði önnur launatafla, þ.e. það væru tvær launatöflur sem væru notaðar þangað til hin “nýja hugsun” í launamálum er tilbúin. Sigurður B. Stefánsson SÍ vildi bæta við varðandi opnunartímamann, að sífellt fleiri staðir eru opnir á óhefðbundnum tíma og starfsmenn eru að semja um sín laun sjálfir. Starfsmannafélögin og SÍB eiga erfitt með að grípa inn í eftirá því vísað er í að starfsmaður er búin að semja upp á þessi ákveðnu kjör. Það eigi að vera hlutverk SÍB að semja um launin.

Fræðslunefnd

Sigríður Friðgeirsdóttir LÍ, talsmaður Fræðslunefndar las upp tillögur nefndarinnar. Nefndin leggur til að gerð verði sér heimasíða trúnaðarmanna með leiðbeiningum um upplýsingaleit, þessi síða verður lokuð öðrum. Einnig leggur nefndin til að útgáfu SÍB blaðsins verði fækkað í 4 blöð á ári og heimasíðan verði efld á móti. Helga Jónsdóttir sagði það hafa verið stórt skref að fá menntunarsjóð inn í síðustu kjarasamningum. Hennar skoðun er að fyrst ætti að veita stærra en færri styrki og geyma litlu styrkina sem eru veittir í öðrum félögum. Það er mikilvægt að sjóðurinn fari vel af stað. Einnig finnst henni það frábær tillaga að gerð verði sér heimasíða fyrir trúnaðarmenn. Margrét Bragadóttir gjaldkeri SÍB, sagði að helmingur fræðsluframlags (sem hækkaði í síðustu samningum úr 5. millj. í 10. millj.) ætti að renna í Menntunarsjóð. Fræðsluframlagið hefur verið notað til að greiða fyrir útgáfu SÍB blaðsins, trúnaðarmannafræðslu, kostnað við heimasíðu og fleira því tengt. Margrét beindi því til Fræðslunefndar að skoða hvort lækka mætti einhverja kostnaðarliði svo Menntunarsjóður fái helming fræðsluframlags. Friðbert Traustason segist sjá í tillögum að dregið er úr útgáfukostnaði á SÍB blaðinu. Útgáfa blaðsins er dýr, en hægt væri að fá meiri auglýsingar í blaðið en verið hefur. Sú leið var valin að hafa þær ekki of margar. Stjórnin er mjög stolt af því að upplýsingastreymi um stöðu kjarasamninga hafi tekist sérlega vel og segist sjálfur hafa leitað á heimasíðum annara félaga meðan samningar þeirra stóðu yfir og ekkert séð um stöðu samningsmála hjá þeim. Heimasíða SÍB er mikið notuð, önnur aðildarfélög hafa beðið um að fá að nota efni frá SÍB. Heiðrún Hauksdóttir SSPH spurði hvort umræðan um breytingu á nafni félagsins ætti ekki erindi á þingið nú og einnig tíðni þinga SÍB, eiga þau að vera í óbreyttri mynd?

Fundi frestað kl.10.15

10. NEFNDARSTÖRF

Starfað var í nefndum til kl. 14.00

11. KYNNING Á STÖÐU MÁLA Í NEFNDUM

Fræðslunefnd

Sigríður Friðgeirsdóttir kynnti breytingatillögur fræðslunefndar. Ekki er gert ráð fyrir niðurskurði á framlagi í Menntunarsjóð þannig að hann heldur 5 milljón króna framlagi sínu. Í greinargerð Menntunarsjóðs var bætt inn að atvinnulausir félagsmenn eigi jafnan rétt til að sækja um styrk. Einum lið var bætt við greinargerð Menntunarsjóðsins sem fjallar um minni og stærra styrki. Stefán Sveinbjörnsson SP-Mýrasýslu spurði hvort úthlutun ætti að fara fram áður en nám hefst eða eftir námslok, einnig hvort úthlutun færi fram að hausti og í byrjun árs? Skoðun Sigríðar er að eðlilegra væri að úthlutun færi fram eftir námslok. Friðbert Traustason sagði að almenna reglan í sambærilegum sjóðum væri að aðilar ljúka námi fyrst og sækja svo um styrkinn. Úthlutun tvisvar á ári getur gengið ef um lengra nám er að ræða en gengur ekki með stutt námskeið og ætti því að vera mánaðarleg

úthlutun í þeim tilvikum. Hugsanlegt væri að fá vilyrði fyrir styrk vegna lengra náms þó styrkurinn yrði ekki greiddur út fyrir en í lok náms.

Hafdís Harðar SBÍ spurði hvað er átt væri við með að “sjóðurinn geti kostað námsgagnagerð”.

Þorvaldur Egilsson sagði það sína skoðun að ef greitt er eftir á gæti komið upp sú staða að menn gætu ekki sótt nám af efnahagsástæðum. Æskilegt væri að hafa fengið vilyrði þó greiðsla úr sjóðnum kæmi ekki fyrir en eftir á.

Sigríður Friðgeirsdóttir svaraði að hugsunin með námsgagnagerð væru kaup á námsefni annarsstaðar frá. Það er kostnaðarsamt fyrir SÍB að búa til sín eigin gögn, gæti verið hagkvæmara að kaupa tilbúið efni frá öðrum.

Kjaranefnd

Jóhann Ólafsson og Indriði Jónsson talsmenn Kjaranefndar komu báðir í pontu. Indriði kynnti breytingartillögu þar sem lagt er til að stofnaður verði vinnuhópur þriggja einstaklinga með sérþekkingu á tölvumálum og sem veiti SÍB aðhald við að framkvæmd tölfraeðiupplýsingakerfis. Drögum að bættri ímynd SÍB er vísað til Allsherjarnefndar. Jóhann sagði að samningamenn bankanna telji sig ekki geta gert rammásamning um opnunartíma og beri fyrir sig samkeppnislög. Með uppstokkun launatöflu og nýrri númeraröðun er stefnt að því að hún rúmi alla bankamenn en nefndin samþykkir ekki að hafa tvær aðskildar launatöflur því það ýti frekar undir sundrung innan stéttarinnar. Nefndinni er ekki kunnugt um innihald starfslokasamninga, aðilar hafa haldið því fyrir sig. Nefndin hvetur stjórn SÍB að kynna sér innihald slíkra samninga til að geta leiðbeint og aðstoðað við gerð þeirra.

Indriði ræddi um að flétta öryggismálum inn í opnunartíma. Bankarnir hafa verið að teygja sig of langt við að nýta sína starfsmenn t.d. senda menn eina í peningaflutninga o.s.frv. Einnig var rætt um fámennis og einsmanns afgreiðslur., Nefndin sér ekki ástæðu til að fjalla frekar um tillögu Nínu Vilhelmsdóttur um greiðslur til trúnaðarmanna.

Eðlilegt er þegar aðilar eru að bjóða sig fram til slíkra starfa að óhjákvæmilegt er að eitthvað af vinnunni lendi utan umsamins vinnutíma, samanber þingseta SÍB.

Friðbert Traustason sagði að bankarnir muni aldrei gera samkomulag um sameiginlegan opnunartíma. Þeir muni hafa opið eins og þeim þóknast eða ætti ef til vill að segja eins og opnunartíminn er í verslunarkerðjunum. SÍB hefur boðið samningaviðræður um kaup fyrir óhefðbundin vinnutíma, en ekki verið virtir viðlits. Friðbert sagði það skoðun sína að við kæmum til með að rekast á vegg sama hvað við ályktum á þingum SÍB um opnunartíma og launakjör. Það er ákvæði í kjarasamningi að við fáum yfirvinnu greidda fyrir vinnu eftir kl. 17.00 og um helgar. Það á að vera hlutverk SÍB að standa vörð um fjölskylduna og venjulegan vinnutíma.

Margrét Bragadóttir gerði athugasemd um greinargerð Kjaranefndar þar sem segir að aðalhlutverk 3ja manna vinnuhóps um tölfraeðikerfi væri að veita sérfræðiaðstoð og aðhald. Aðhaldið er í höndum þings SÍB, ef stjórnin stendur sig ekki þá er kosin ný stjórn á þingi.

Helga Jónsdóttir segist vera í erfiðri stöðu sem formaður FSLÍ því Landsbankinn ætlar að opna afgreiðslur á óhefðbundnum tíma og hún að þarf að skrifa undir samning um vinnutíma og kjör. SÍB getur ekki samið um opnunartíma en hún vill að SÍB beiti sér fyrir því að samið sé um vinnutíma og tryggi lögboðna hvíldar og frítíma starfsmanna.

Formenn aðildarfélaganna verða að geta unnið eftir ákveðnum reglum í samráði við stjórn SÍB.

Allsherjarnefnd

Helga Jónsdóttir kynnti breytingartillögur Allsherjanefndar.

Þorvaldur Egilsson greindi frá því að nefndinni bárust tvö önnur mál annarsvegar um nafnabreytingu félagsins og hins vegar um tíðni þinga SÍB. Nefndinni fannst ekki ástæða til að breyta nafni félagsins. Þorvaldur las upp tvær tillögur: Önnur fjallar um að þing SÍB verði haldið annað hvert ár og hin fjallar um að aðalfundur verði haldinn það ár sem ekki er þing, þar sem sætu formenn aðildarfélaganna og þar væru ársreikningar samþykktir og tekin inn ný félög.

Sigurjón Gunnarsson FSLÍ sagði að þing S.Í.B. væri í raun aðalfundur félagsins.

Helga Jónsdóttir segir að þessi mál séu hvortveggja lagabreytingar sem ekki er hægt að samþykkja hér og lítur á þetta sem tillögur sem þarf að vinna í fyrir næsta þing.

Heiðrún Hauksdóttir sagði að rökin fyrir því að hafa þing á þriggja ára fresti hefðu verið meðal annars sparnaður, en komið hefði upp sú hugmynd að formannafundur gæti samþykkt reikninga félagsins einu sinni á ári.

Fjárhagsnefnd

Margrét Bragadóttir kynnti fjárhagsáætlun Fjárhagsnefndar. Gerð var breyting í þá átt að Menntunarsjóðurinn geti haldið sínu 50% framlagi og á móti var lækkaður útgáfukostnaður.

12. “HVAÐ ER TIL SKIPTANNA?”

Edda Rós Karlsdóttir, hagræðingur og forstöðumaður greiningardeildar Búnaðarbanka Íslands hélt erindi um skiptingu þjóðarkökunnar og hvernig launamenn geta borið meira úr bítum. Hún fjallaði um helstu aðferðir sem notaðar eru til að ná fram kjarabótum, sem eru t.d. að hækka laun með gengisfellingum, hagræða í rekstri (ekki endilega með uppsögnum) og skipta um starf. Með aukinni framleiðni stækkar þjóðarkakan og meira verður til skiptanna.

Hún sýndi athyglisvert línurit þar sem tímakaup í iðnaði hefur hækkað um 200% í Danmörku frá 1980 á meðan tímakaup á Íslandi hefur hækkað um 2500% á sama tíma. En þrátt fyrir þennan gífurlega mun hefur kaupmátturinn hækkað um 20% í báðum löndum.

Athyglisvert er að mikil breyting er á kynjaskiptingu innan bankans, karlmenn komnir í meirihluta í yngri aldurhópnum, líklegt að það séu starfsmenn verðbréfadeilda og tölvudeilda. Karlmenn virðast sækja í áhættumeiri störf innan verðbréfadeildanna. Greiningadeildir virðast hins vegar vera að fyllast af kvenfólki - þær eru svo varkárar. Hún telur líklegt að þetta eigi eftir að jafnast út því bankarnir eigi eftir að sjá að það borgar sig að hafa meiri varkárni innan verðbréfadeildanna til að ráðleggja viðskiptavininum m.a. með fjárfestingar.

Gert hlé á þingfundi kl. 5.30 til föstudags.

FÖSTUDAGUR 11. MAÍ 2001

13. UMRÆÐUR OG AFGREIÐSLA NEFNDARÁLITA.

Kjaranefnd

Jóhann Ólafsson talsmaður Kjaranefndar las upp breytingatillögur. Friðbert Traustason gerði athugasemd við tillögu nr.2 sem fjallar um ímynd stéttarfélagsins og lagði til að hún yrði færð undir tillögu Allsherjanefndar. Þingforseti bar upp tillögu Friðberts og var hún samþykkt með tveim móttatkvæðum. Þingforseti las upp tillögu Kjaranefndar og bar þær undir atkvæði. Tillögu Kjaranefndar samþykktar samhljóða.

Tillögu Kjaranefndar SÍB til þings 9. maí 2001

Drög að ályktun 41. SÍB-þings 2001 um tölfraeðiupplýsingakerfi.

Þing SÍB hvetur samninganefnd til að hefja strax vinnu við tölfraeðiupplýsingakerfi sem kveðið er á um í 18.

grein nýgerðra kjarasamninga. Þá leggur þingið til að þingið skipi sérstakan vinnuhóp í þessum tilgangi er starfi með samninganefnd að málinu og skulu aðilar vinna af krafti og skal stefnt að því að um næstkomandi áramót verði unnt fyrir félagsmenn SÍB að lesa úr kerfi þessu sambærilegar upplýsingar og frá öðrum kjararannsóknarnefndum.

Úr kjarasamningi, 18. grein

Á samningstímanum skulu aðilar vinna sameiginlega að nýju tölfraeðiupplýsingakerfi, sem gefi skýra mynd af þróun launa hjá einstökum hópum starfsmanna bankanna.

Kerfi þetta skal byggja upp á svipaðan hátt og nú er gert hjá Kjararannsóknarnefnd og Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna.

Bankarnir munu áfram tryggja að SÍB fái þær upplýsingar sem unnar eru í Reiknistofu bankanna, skv. upplýsingum allra banka, og sýna fjölda starfsmanna í launaflokkum, skipt eftir aldri, starfsaldri, starfsaldursálagi og kyni.

Drög að ályktun 41. SÍB-þings 2001 um opnunartíma.

41. þing SÍB hvetur stjórn SÍB til að mynda sér stefnu um opnunartíma, æskileg samningskjör, og þau öryggisatriði sem þurfa að vera fyrir hendi í afgreiðslum þar sem um er að ræða óhefðbundinn afgreiðslutíma. Jafnframt hvetur 41. þing SÍB stjórn SÍB til að koma þeirri stefnu á framfæri við aðildarfélög sín. 41. þing SÍB telur að slík stefna þurfi ávallt að vera til staðar, svo aðildarfélög geti brugðist við með réttum hætti þegar og ef stjórnendur banka og sparisjóða fara fram á slíkt við starfsmannafélögin.

Greinargerð

Stöðugar breytingar eiga sér stað í bankakerfinu. Þróun undanfarinna ára hefur verið í þá átt að sjálfvirkni hefur aukist, og biðraðir um mánaðamót fara minnkandi. Minni afgreiðslur hafa verið opnaðar, þar sem eru fáir starfsmenn, en jafnframt hefur símaþjónusta og bakvinnsla/bókhaldsvinna verið sameinuð í stórar einingar. Með litlum afgreiðslum, oft tengdum verslanamiðstöðvum, hefur opnunartími jafnframt breyst og þá oftast í samræmi við opnunartíma verlsunarmiðstöðvarinnar.

Í kjarasamning okkar er að einhverju leiti fjallað um vinnutíma en ekki hefur náðst samkomulag við samninganefnd bankanna um opnunartíma og hafa stjórnendur talið sig geta gert samkomulag um slíkt við starfsmannafélögin án afskipta Síb.

Drög að ályktun 41. þings SÍB um launatöflu

Þing SÍB felur stjórn og samninganefnd að hefja nú þegar undirbúning að uppstokkun á launatöflu SÍB og röðun starfsheita í launaflokka. Launataflan sýni raunveruleg greidd laun í bankakerfinu.

Greinargerð

Númer launaflokka í launatöflu er enn með sama hætti og var þegar talað var um þrep og flokka, rétt væri að númera þetta upp á nýtt og hafa engin auð bil á milli flokka, heldur telja einfaldlega áfram 1, 2, 3, 4, 5 Að auki rúmast stór hluti bankamanna ekki innan núgildandi launatöflu.

Auk þessara atriða íhugar kjaranefnd að álykta um eftirfarandi atriði, textasmíði er þó eftir.

Öryggismál, einelti á vinnustað, starfsöryggi-starfsánægja, starfslokasamningar

Fræðslunefnd

Sigríður Fiðgeirsdóttir talsmaður Fræðslunefndar las upp breytingatillögur nefndarinnar. Þingforseti bar upp tillögur Fræðslunefndar og voru þær samþykktar samhljóða.

Símenntunarstefna SÍB

SÍB vinnur út frá því grundvallarsjónarmiði að þekking og hæfni félagsmanna er dýrmætasta auðlind fjármálafyrirtækja.

SÍB vinnur að því að:

- Félagsmenn hafi ætíð góðan og jafnan aðgang að nýrri þekkingu
- Félagsmenn séu eftirsóknarverðir starfskraftar á vinnumarkaði
- Félagsmenn séu ávallt tilbúnir til að mæta síbreytilegum viðfangsefnum framtíðar.
- Tækniframfarir séu nýttar til að auðvelda störf félagsmanna.

b. Til að vinna þessum málum framgang vill SÍB:

Efla samstarf um símenntunarmál við aðildarfyrirtæki að kjarasamningi SÍB

Leita eftir samstarfi við önnur stéttarfélög um leiðir til að mæta símenntunarþörfum

Koma á samstarfi við menntastofnanir sem bjóða upp á fræðslu sem félagsmenn sækjast eftir.

Nýta útbreiðsluleiðir félagsins til kynningar á símenntunarkostum sem bjóðast hverju sinni.

Sækjast eftir hagstæðum kjörum á fræðslu fyrir félagsmenn

Endurgreiða félagsmönnum að hluta eða í heild námskeiðs og fræðslukostnað í gegnum Menntunarsjóð SÍB.

Menntunarsjóður SÍB

41. þing SÍB samþykkir að stofna Menntunarsjóð SÍB og skal helmingur af fræðsluframlagi bankanna (aðildarfyrirtækja kjarasamnings) renna til sjóðsins. Sjóðurinn

hafi 3ja manna stjórn og skal þing SÍB kjósa tvo fulltrúa í stjórnina en Stjórn SÍB skipi einn mann úr sínum röðum.

Markmið sjóðsins er að efla félagsmenn í starfi, gera þá að betri starfsmönnum og samkeppnishæfari á vinnumarkaði. Einnig skal sjóðurinn styrkja nám sem eflir félagsmenn til þátttöku í félagsstarfi.

Hlutverk stjórnar verður að móta reglur fyrir sjóðinn og skal leggja þær fyrir formannafund SÍB til samþykktar. Í reglunum skal tekið á hvernig umsóknum verði forgangsraðað, fjármunum verði varið og styrkjum úthlutað. Einnig skal kveða á um hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að geta hlotið styrk úr sjóðnum. Eftir að reglur hafa verið samþykktar af formannafundi SÍB skal stjórn sjóðsins sjá um rekstur hans og úthlutun.

Greinargerð:

Ekki er tiltekið nákvæmlega í ofangreindri tillögu hvernig reglugerð á að líta út en væntanlega mun hún taka mið af hliðstæðum sjóðum annarra félaga. Hvernig sjóðnum skuli varið í einstaka þætti er ákvörðun sem væntanlega þarf að taka hverju sinni þegar umsóknir liggja fyrir. Nefndarmenn í Fræðslunefnd þingsins leggja áherslu á eftirfarandi þætti:

Til að geta hlotið styrk þarf starfsmaður að hafa verið í starfi s.l. 6 mánuði. (gildi fyrir lægri upphæðir) Atvinnulausir félagsmenn (eftir amk. X ár í starfi) eiga jafnan rétt. Hægt verði að ráðstafa hluta af tekjum sjóðsins til rannsóknarverkefna, viðbótarnáms á háskólastigi eða sambærilegs náms.

Sjóðurinn styrki nám á mismunandi skólastigum og hafi að leiðarljósi að hvetja félagsmenn til árlegrar símenntunar og/ eða samfellds náms. Sjóðurinn endurgreiði að fullu eða hluta kostnað vegna námskeiða sem nýtast félagsmönnum í starfi eða í félagsstörfum.

Til að fá úthlutað styrkjum að upphæð yfir tiltekinni tölu, sem sjóðsstjórn endurskoðar/ákveður ár hvert, þurfi viðkomandi félagsmaður að hafa verið félagi í amk 3 ár samfelld.

Fjármunum verði skipt milli stærri og minni styrkja í hlutfalli við umsóknir hverju sinni. Úthlutað verði úr sjóðnum þannig að helmingi fjár verði úthlutað í janúar – júní og helmingi fjár í júlí – desember. Styrkir verði að jafnaði greiddir út gegn framvísun reiknings og vottorðs um þátttöku.

Fyrstu drög að Reglugerð fyrir Menntunarsjóð SÍB.

1.gr. Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Menntunarsjóður SÍB og er eign Sambands íslenskra bankamanna.

2.gr. Sjóðsfélagar eru allir félagar SÍB. Eftir 6 mánaða aðild eiga félagar rétt á að sækja um styrk til sjóðsins. Sjóðsstjórn getur sett skilyrði um lengri aðild vegna styrkveitinga.

3.gr. Markmið sjóðsins er að efla félagsmenn í starfi og gera þá að verðmætari starfsmönnum á vinnumarkaði með því m.a. að endurgreiða námskostnað að hluta eða í heild.

4.gr. Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og eru tveir kosnir á þingi SÍB og einn skipaður af stjórn SÍB. Jafnframt skal þing SÍB kjósa tvo varamenn. Kjörtímabilið er sama og til stjórnar SÍB. Stjórnin skal rita gerðarbók og rita allar samþykktir sínar í hana.

5.gr. Tekjur sjóðsins eru hluti fræðsluframlags samkvæmt ákvörðun þings SÍB, vaxtatekjur og önnur framlög og styrkir.

Stjórnin skal setja nánari úthlutunarreglur eftir því sem fjárhagur sjóðsins leyfir.

Reikningsár sjóðsins er sama og reikningsár SÍB og skulu endurskoðendur og skoðunarmenn vera þeir sömu.

Trúnaðarmannafræðsla

Haldið verði áfram með trúnaðarmannafræðslu á sömu braut og verið hefur þ.e. kynningarfundir, námskeið 1, 2, 3, framhaldsnámskeið fyrir trúnaðarmenn sem starfað hafa 5 ár eða lengur.

Lögð verði áhersla á að efla félagstengt efni á heimasíðunni og trúnaðarmönnum verði tilkynnt um helstu þætti sem koma nýir á vefinn.

Útbúið verði sérstakt skjal (á síðu trúnaðarmanna) fyrir trúnaðarmenn sem verði efnisyfirlit yfir helstu þætti sem trúnaðarmaður þarf að kynna sér og rata í á vefnum.

Þættir sem trúnaðarmaður getur flett upp í áður en hann leitar til félagsins.

Beina til trúnaðarmanna upplýsingum sem heppilegt er að kynna sérstaklega á fundum starfsmanna.

Útbúa sérstaklega ábendingar fyrir trúnaðarmenn um hvernig er heppilegt að taka á einelti og öðrum félagslegum vandamálum á vinnustöðum – hvaða leiðir trúnaðarmaður getur farið.

Svæðisbundnir fundir trúnaðarmanna – leitað verði leiða til að efla þá s.s. að stjórnarmenn eða starfsmenn SÍB mæti á slíka fundi sé þess óskað.

Leitað verði leiða til að upplýsa varatrúnaðarmenn og undirbúa þá enn frekar undir að taka þátt í starfi trúnaðarmanns. Í þessu skyni verði haldið utan um netfangaskrá varatrúnaðarmanna og þeim sendar upplýsingar um ýmsa þætti sem tengjast viðfangsefnum trúnaðarmanna.

Útgáfumál

SÍB blaðið verði áfram gefið út amk. 4 sinnum á ári.

Heimasíða SÍB verði eflað með sérstaka áherslu á stéttarfélagsmál og fræðslumál fyrir almenna félagsmenn. Einnig að áfram verði byggt upp efni sértækt fyrir trúnaðarmenn.

Allsherjarnefnd

Þorvaldur Egilsson talsmaður Allsherjarnefndar las upp breytingartillögur nefndarinnar. Jóhann Ólafsson gerði athugasemd við 5.gr. lið 2 í styrktarsjóðnum og sagðist vera mótfallinn breytingu á greininni. Það er hans skoðun að sjóðurinn eigi ekki að eiga fasteign og að stjórn SÍB hefði farið út fyrir sitt valdsvið þegar styrktarsjóðurinn keypti 25% í nýju húsnæði SÍB. Sjóðurinn á að vera gegnumstreymissjóður og hvetur hann þingið til að hafna tillögunni.

Friðbert sagði að sú leið hefði verið valin að kaupa fasteign í stað þess að leigja húsnæði af SÍB, en ef þingið samþykkir ekki þessa breytingu þá mun SÍB kaupa eignina til baka en leigja þess í stað Styrktarsjóðnum hluta af húsnæði sínu.

Indriði Jónsson kom með tillögu að hlutfall eignaraðildar í húsnæðinu verði 15% í stað 25%. Hafdís Harðar sagði umræðuna snúast aðallega um skrifstofuhúsnæðið en ekkert væri talað um heimild til kaupa á íbúð vegna veikinda starfsmanna, sem einnig væri inni í 5.gr.

Einar Pálsson SBÍ vill hafa 2.lið óbreyttan. Hann vill ekki að heimildin fyrir fasteignakaupunum verði felld út. Hann sagðist ekki vera á móti eignarhaldi Styrktarsjóðs á skrifstofuhúsnæði því einhver staðar þarf starfsemin að fara fram.

Kolbrún Guðlaugsdóttir FSLÍ kom með tillögu um að greitt yrði atkvæði um 5. gr. í tvennu lagi.

Helga Jónsdóttir sagði að hugmyndin væri sú að SÍB myndi ekki standa sjálft í útleigu á íbúðinni heldur fara í samstarf t.d. með Rauðakrossinum og leggur hún til að tillagan verði samþykkt.

Þingforseti spurði Indriða og Kolbrúnu hvort þau væru tilbúin að falla frá sínum breytingatillögum. Þau voru bæði tilbúin til þess og var tillagan um Styrktarsjóð borin upp óbreytt.

Þingforseti bar upp tillögur um stefnumörkun SÍB 2001-2004 og voru þær samþykktar samhljóða.

Stefnumörkun SÍB 2001 – 2004

Félagsmaðurinn sem einstaklingur

Í heilbrigðu samfélagi þarf einstaklingurinn að fá möguleika til að þróa hæfileika sína, bæði sem einstaklingur en ekki síður sem hluti af samtaka heild. Samstarf heildarinnar stuðlar að því að tryggja öryggi og stöðugleika.

Hæfileikar starfsmanna eru mikilvægasta uppspretta fyrirtækisins. Starfsmaðurinn þarf að þekkja verkefni sín og lausnir þeirra vel, þannig að hann geti mætt hverjum nýjum degi vel undirbúinn, ánægður og til þjónustu reiðubúinn. Ný tækni á að hjálpa til við lausnir og vera öllum til hagsbóta. Sveigjanleiki sá sem atvinnulífínu er nauðsynlegur á að nýfast bæði fyrirtækinu og starfsmanninum til að skapa betri vinnustað.

Atvinnan og frítími starfsmanns þarf að stuðla að bættum lífsgæðum, þar sem efnislegir hlutir yfirskyggja ekki félagslega velferð, heldur ríki jafnvægi.

SÍB skal vinna að:

Atvinnuöryggi og eðlilegri launaþróun félagsmanna.

Að félagsmenn fái alla þá menntun sem til þarf til að viðhalda þekkingu til áframhaldandi starfa í síbreytilegu umhverfi fjármálafyrirtækja. Það skal vera skylda fyrirtækja að sjá um framtíðarmenntun starfsmanna.

Að sveigjanleiki starfa geti nýst félagsmönnum jafnt sem fyrirtækinu

Að hagræðing og niðurskurður sé ræddur opinskátt og í fullu samráði við starfsmenn.

Að ákvæði laga um vinnuvernd séu haldin þannig að starfsmenn vinni við góðar vinnuaðstæður, bæði andlega og líkamlega.

Öryggi starfsmanna sé ávallt í fyrirrúmi.

Að starfsmönnum sé tryggð hlutdeild í góðri afkomu fyrirtækisins og raunlaunaauki félagsmanna ár hvert skal í það minnsta vera í samræmi við launaþróun annarra hópa í þjóðfélaginu.

Sérstakri stefnu til að vernda frítíma félagsmanna
Aukinni umræðu og stefnumörkun um lífsgæði, sem byggja á að fjölskyldan og atvinnan
eru ein órjúfanleg heild.
Félagsmönnum verði auðveldað að tvinna saman fjölskyldulíf og vinnu.

Starfsgrein í stöðugri þróun

Í metnaðarfullu og góðu þjóðfélagi er nauðsynlegt að fjármálafyrirtæki séu trúverðug og sýni umhverfi sínu virðingu og áhuga. Tækniþróun á að færa okkur nýjar betri, öruggari og hraðvirkari lausnir í upplýsingasamfélaginu, ásamt bættri samkeppnisstöðu. Fjármálafyrirtæki eru framsýn og finna nýjar leiðir til að auka tekjur sínar og færa starfsmönnum þannig ný og spennandi viðfangsefni. Góð umgengni við náttúruna er forgangsverkefni. Fjármálafyrirtæki sem virða uppruna sinn og bjóða áfram hefðbundna þjónustu samhliða nýjungum og ráðgjöf á fjármagnsmarkaðnum eru þau fyrirtæki sem best standa sig í samkeppninni.

Hagræðing ein og sér er ekki næg ástæða uppsagna þar sem breytingum má koma á með öðrum og vænlegri hætti með samvinnu við starfsmenn og félög þeirra.

SÍB skal vinna að:

Að við innleiðingu nýrrar tækni sé fullt tillit tekið til hagsmuna starfsmanna og samfélagsins alls.

Tryggja áhrif starfsmanna á rekstur fjármálafyrirtækja, þannig að fullur meðákvörðunarréttur náist.

Taka þátt í upplýsingagjöf og viðhorfskönnunum um starf fjármálafyrirtækja.

Allir starfsmenn fjármálafyrirtækja á Íslandi, hvort sem fyrirtækin eru í eigu íslendinga eða útlendinga verði félagsmenn í SÍB.

Að samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja verði tryggð með stöðugt aukinni þekkingu starfsmanna.

Fjármálafyrirtæki séu leiðandi í útfærslu og nýtingu nýrrar tækni.

Öllum landsmönnum verði tryggð persónuleg fjármálaþjónusta.

Hvetja konur til enn frekari frama meðal stjórnenda fjármálafyrirtækja.

Laða að háskólamenntaða starfsmenn fjármálafyrirtækja.

Jafnrétti til launa og annarra kjara.

Tryggja réttindi og stöðu þeirra sem kosnir eru til ábyrgðarstarfa meðal félagsmanna.

Útrýma einelti og hvers konar annarri misbeitingu og kúgun. Tryggja samstöðu og leitast við að vernda þann allra smæsta.

SÍB inn í framtíðina.

SÍB er samstæður hópur þar sem saman vinna vel uppfræddir og áhugasamir trúnaðarmenn og ánægðir félagsmenn, sem mynda sterkt fagpólistískt og áhrifaríkt afl. SÍB hefur hvern einstakling í fyrirrúmi, en nýtir samstöðu fjöldans til þess að ná fram viðunandi lausnum, m.a. í kjaramálum og verndun réttinda félagsmanna. Kosnir fulltrúar mæta fullum skilningi hjá félagsmönnum og stjórnendum á mikilvægi þess að vinna að framþróun öflugst stéttarfélags.

SÍB vill.

Vera sjálfsagt val fyrir alla starfsmenn fjármálafyrirtækja á Íslandi.

Vera sýnilegt öllum félagsmönnum og að allir starfsmenn geti á auðveldan og einfaldan máta leitað aðstoðar og upplýsinga um réttindi sín.
Að trúnaðarmenn séu áhugasamir og metnaðarfullir í starfi sínu.
Segja frá þeim árangri sem næst með starfi félagsins.
Að uppfræðsla trúnaðarmanna styrki samheldni og jafnrétti félagsmanna.
Taka afstöðu í öllum þjóðfélagsmálum sem snúa að starfsemi fyrirtækja og stöðu starfsmanna, réttindum þeirra og afkomu.
Tryggja samstarf við önnur félög sem vinna að réttindamálum starfsmanna.
Vinna með norrænum félögum innan NFU að réttindum starfsmanna og samstöðu þeirra á Norðurlöndunum öllum og Evrópu.

Ályktun sem vísað var til Allsherjarnefndar frá Kjaranefnd var borin upp til samþykktar. Hún var samþykkt samhljóða með þeirri breytingu að taka út orðið “bæta” og setja “efla” í staðinn.

Drög að ályktun 41. SÍB þings 2001 um einstaklingssamninga. (tillaga frá Kjaranefnd)
Þing SÍB telur að félagið verði að brjóta sig út úr þeirri ímynd, sem virðist vera í hugum margra, að stéttarfélagið sé klafi á félagsmönnum. Efla þarf ímynd félagsins og gera það meira spennandi og sýnilegra fyrir væntanlega félagsmenn, jafnvel með útgáfu auglýsinga í einhverju formi, þar sem tíundaðir eru kostir félagsins.

Greinargerð.

Eitthvað er um að menn geri einstaklingssamninga við atvinnurekendur án þess að styðjast við kjarasamning SÍB og bankanna. Oft eru menn þá að semja frá sér ýmis réttindi, jafnvel án þess að gera sér grein fyrir því. Finna þarf leið til að ná til þessa fólks með fræðslu um kjarasamninginn, áður en það gerir slíka samninga

Tillaga um breytingu á 5.gr.styrktarsjóðs borin upp óbreytt eins og hún kom frá nefndinni, samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema einu.

Styrktarsjóður SÍB – reglugerð

breytingartillaga frá stjórn SÍB vegna athugasemda endurskoðenda reikninga

Núverandi

5.gr.

Tekjur og ávöxtun eigna

Tekjur sjóðsins eru:

Samningsbundnar greiðslur atvinnurekenda eins og þær eru ákveðnar í kjarasamningi bankamanna á hverjum tíma.

Vaxtatekjur og aðrar fjármagnstekjur.

Eignir sjóðsins skulu varðveittar í traustum verðbréfum og bankainnstæðum. Sjóðnum er óheimilt að kaupa fasteignir og taka eða veita lán.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela utanaðkomandi aðila ávöxtun hans.

41. þing SÍB samþykkir neðanskráða breytingu á 2. lið 5.greinar reglugerðar um styrkarsjóð SÍB

5. gr.

2.liður verði þannig:

Eignir sjóðsins skulu varðveittar í traustum verðbréfum og bankainnstæðum. Sjóðurinn má eiga 25% hlut í húsnæði SÍB á móti SÍB. Sjóðnum er heimilt að verja allt að 15 milljónum króna til íbúðarkaupna í Reykjavík. Íbúðin verði til afnota fyrir félagsmenn sem leita þurfa lækninga á höfuðborgarsvæðinu. Sjóðnum er óheimilt að kaupa frekari fasteignir eða veita lán.

Fjárhagsnefnd

Margrét Bragadóttir talsmaður Fjárhagsnefndar bar upp tillögu um óbreytt félagsgjald 0,7% fyrir árin 2001 til 2004. Hún var samþykkt samhljóða. Fjárhagsáætlun SÍB 2001-2004 lögð fram og borin undir atkvæði. Hún var samþykkt samhljóða.

REKSTRARTEKJUR:

	2000	2001	2002	2003	2004
Félagsgjöld	50.630	54.883	57.078	59.361	61.142
Fræðsluframlag	5.730	10.000	10.000	10.000	10.000
Leigutekjur	0	360	360	360	360
Aðrar tekjur	434	200	200	200	200
	56.794	65.443	67.638	69.921	71.702

REKSTRARGJÖLD:

Laun og launatengd gj.	14.193	15.333	16.379	16.421	16.914
Rekstur fasteignar	1.496	3.400	1.500	1.600	1.700
Kaup fasteignar	4.875	15.000	0	0	0
Uppgj.v/lífeyrisskuldbind.	0	1.000	1.000	0	0
Skrifstofukostn.	5.160	5.500	5.700	6.000	6.350
Kjarasamningar	2	350	0	0	400
Lögfr.og endursk.kostn.	2.055	2.700	2.835	3.005	3.180
Fræðslustarf	4.926	5.400	6.150	6.300	6.650
Erlent samstarf	3.070	2.700	3.700	2.900	3.500
Framlag í vinnudeilusj.	18.079	19.598	20.381	21.197	21.833
Útgáfustarfsemi	1.910	1.800	2.000	2.000	2.000
Þing SÍB	0	2.600	0	0	3.000
Framlag í menntunarsj.	0	5.000	5.000	5.000	5.000
Afmæli SÍB	0	500	1.000	1.000	1.000
Afskriftir	879	800	800	800	1.500
	56.645	81.681	66.445	66.223	73.027
Rekstrarhagn.án fjármunat./gj.	149	-16.238	1.193	3.698	-1.325
Vaxtatekjur umfram gjöld:	1.577	500	500	500	500
Hagnaður/(tap)	1.726	-15.738	1.693	4.198	-825

Rekstur fasteignar:

	2001	5%	2002	5%	2003
Tryggingar	247.414	12.371	259.785	12.989	272.774
Rafmagn	144.000	7.200	151.200	7.560	158.760
Bruna-og húseignartr.	26.048	1.302	27.350	1.368	28.718
Fasteignatr.	342.541	17.127	359.668	17.983	377.651
Húsgj.	21.600		21.600		21.600
Ræsting	756.000	37.800	793.800	23.814	817.614
Hreinlætisvörur	175.000		185.000		195.000
Framkvæmdir	2.700.000		0		0
Annar kostn.	80.000		100.000		100.000
Samtals:	4.494.604		1.900.405		1.974.120
Hlutur SÍB	3.370.953		1.425.304		1.480.590
Hlutur Styrktarsj.	1.123.651		475.101		493.530

Fræðslukostnaður:

		3%		3%	
	2001		2002		2003
Námskeið trúnaðarmanna	750.000		920.000		950.000
Svæðisbundnir fundir	200.000		200.000		200.000
Laun	3.390.000	101.700	3.491.700	104.751	3.596.451
Annar námskeiða-og kynningarko.	1.000.000		1.500.000		1.500.000
	5.340.000		6.111.700		6.246.451

Launakostnaður:

	2001		2002		2003
Laun starfsfólks	12.800.035	384.001	13.184.036	395.521	13.579.557
Stjórnarlaun	3.826.859	244.919	4.071.778	122.153	4.193.932
Nefndarlaun	53.450	1.604	55.054	1.652	56.705
Tryggingargjald	1.095.230	54.762	1.149.992	34.500	1.184.491
Lífeyrisgj.	2.248.053	112.403	2.360.456	70.814	2.431.269
Annar starfsmannakostn.	300.000		300.000		300.000
	20.323.627		21.121.315		21.745.955
Fært á fræðslu-og útgáfukostn.	3.382.239	101.467	3.483.706	104.511	3.588.217
Fært á styrktarsjóð	1.751.251	52.538	1.803.789	54.114	1.857.902
	5.133.490		5.287.495		5.446.120
Laun og launatengd gjöld:	15.190.137		15.833.820		16.299.835

14. KJÖR STJÓRNAR, TVEGGJA ENDURSKOÐENDA OG TVEGGJA TIL VARA, AUK ANNARRA TRÚNAÐARMANNA

Anna Kjartansdóttir formaður Uppstillinganefndar flutti tillögur nefndarinnar:
Friðbert Traustason gaf áfram kost á sér til formanns og var einróma endurkjörin
formaður SÍB til næstu þriggja ára.

Tillögur Uppstillingarnefndar um stjórn og varastjórn S.Í.B. var samþykkt samhljóða.
Stjórn SÍB næsta kjörtímabil er þá þannig skipuð:

Formaður: Friðbert Traustason, SRB

1. varaformaður: Helga Jónsdóttir, FSLÍ

2. varaformaður: Helga Björg Bragadóttir, SÍ

Meðstjórnendur:

Gréta Kjartansdóttir, SfSPRON

Hafdís Harðardóttir, SBÍ

Kolbrún Guðlaugsdóttir, FSLÍ

Sigurður B. Stefánsson, SÍ

Varastjórn:

Oddgeir Gunnarsson, SFS

Ingveldur Bragadóttir, SBÍ

Heiðrún Hauksdóttir, SfSPH

Jóhann Möller, FSLÍ

Þingforseti bar upp nöfn aðal og varamanna í eftirtaldar nefndir;

Skoðunarmenn:

Jón Ívarsson, SÍ

Garðar Ólafsson, FSLÍ

Varamenn:

Anna Kjartansdóttir, FSLÍ, og Sigríður Einarsdóttir, SfSPRON

Stjórn vinnudeilusjóðs:

Bárður Helgason, SfSPRON

Matthías H. Matthíasson, SRB

Gjaldkeri SÍB, sjálfkjörinn

Varamenn:

Helga Jónsdóttir, FSLÍ og Benjamín Gíslason, Tölvum. spsj.

Stjórn styrktarsjóðs:

Friðbert Traustason, SRB

Helga Jónsdóttir, FSLÍ

Gjaldkeri SÍB, sjálfkjörinn

Varamenn:

Sigríður Friðgeirsdóttir, FSLÍ og Una Marsibil Lárusdóttir, SÍ

Stjórn menntunarsjóðs:

Helga Björg Bragadóttir, SÍ
Sigurjón Guðmundsson, FSLÍ
Einn tilnefndur af stjórn SÍB

Varamenn:

Helga Halldórsdóttir, SFS og Jón Ágúst Sigurðsson, SBÍ
Tillögur uppstillingarnefndar voru samþykktar einróma.

15. ÖNNUR MÁL

Friðbert Traustason bað um orðið og þakkaði það mikla traust sem honum er sýnt sem formaður SÍB næstu þrjú árin. Mikil verkefni eru framundan m.a. eru alþingismenn að fjalla núna um okkar framtíð þ.e. heimild til að selja BÍ og LÍ á kjörtímabilinu, sem mun hafa miklar breytingar í för með sér fyrir okkar félagsmenn. Áriðandi er að starfsmenn taki breytingum vel því í þeim geta falist tækifæri. Hann telur það til góða fyrir bankastarfsmenn hér ef við fengjum Norrænan banka hér á landi. Kjör starfsmanna erlendra banka fara eftir kjörum í því landi sem unnið er í, þó að eignarhaldið sé erlendis. Það þarf að samræma reglur sem eru á milli Íslands og hinna Norðurlandanna. Friðbert sagði að þetta þing hefði gengið ótrúlega vel, enda verið með vanan þingforseta Hinrik Greipsson og varaforseta Sigurjón Gunnarsson. Friðbert afhenti gjafir til ritara þingsins og þingforseta og þakkaði þeim fyrir vel unnin störf.

Helga Jónsdóttir þakkaði traustið sem henni er sýnt með að vera kosin í annað sinn sem 1. varaforseti SÍB.

Sigurjón Gunnarsson þakkaði fráfarandi stjórn fyrir hennar störf og starfsmönnum SÍB. Hinrik Greipsson, þingforseti þakkaði fyrir eitt léttasta og skemmtilegasta þing sem hann hefur stjórnað og bað um að fá að sleppa við að vera þingforseti eftir þrjú ár. Hann þakkaði stjórn SÍB og þingheimi fyrir vel unnin störf. Einnig kallaði hann Önnu Finnbogadóttir starfsmann SÍB upp og þakkaði henni sérstaklega fyrir hennar störf. Einnig þakkaði hann erlendum gestum fyrir komuna.

Þingi slitið kl.15.15